

Sveitarfélagið Hornafjörður
bt. Brynju Daggar Ingólfssdóttur, umhverfis- og skipulagsstjóra
Hafnarbraut 27
780 Höfn
skipulag@hornafjordur.is

Dags. 01.03.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0385
0.5.1

Með erindi dags. 16. febrúar sl. óskaði Sveitarfélagið Hornafjörður eftir umsögn Veðurstofu Íslands um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi íbúðabyggð á Leirusvæði II og á gerð deiliskipulags.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Náttúruvá:

Taka þarf fram hvernig tekist verði á við mögulega áhættu vegna flóða, t.d. vegna aukinnar úrkomuákefðar, leysinga eða annarra orsaka.

Leggja þarf mat á hvaða öðrum þáttum náttúruvár þarf að huga að við skipulagsgerðina.

Veðurfar:

Að vetri er NNV-átt ríkjandi vindátt, en að sumri er hafgola einnig algeng. Segja má að á Höfn séu þrjár megin vindáttir, norðlæg, suðvestlæg og austlæg. Mestu hvassviðrin koma einkum úr NNV en einnig úr ANA og SV.

Vetur eru mildir og snjóléttir og sumur fremur svöl. Úrkomusamt er á Höfn en meðalársúrkoma er um 1080 mm (2010-2019).

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ